

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Blönduóssbæ.

#### 1. gr.

Árlegt sorphirðugjald, vegna sorphirðu og sorpeyðingar í Blönduóssbæ er sem hér segir:

1.1. Á hverja íbúð og á lögbyli eða íbúðarhús utan þéttbýlis:

Sorphirðugjald	kr.	10.238
Sorpförgunargjald	kr.	6.000
Samtals:	kr.	16.238

Gjald skv. þessum lið miðast við að sorp sé hirt úr einu 240 lítra sorpíláti á hvern greiðanda. Óski greiðendur eftir fleiri sorpílátum skal greiða kr. 6.000 fyrir hverja viðbótar 240 lítra.

1.2. Á sumarhús, kr. 6.000 sorpförgunargjald, enda geti notendur þeirra losað sig við sorp á gámasvæði sveitarfélagsins eða í reglubundna sorpsöfnunarferð sorphirðu sveitarfélagsins eftir sérstöku samkomulagi.

1.3. Hesthús í skipulögðum hesthúsabyggðum, kr. 6.000 á hús. Gjaldið skiptist milli eigenda fjöleignarhesthúsa í hlutfalli við eignarhluti.

1.4. Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir lögaðilar greiða sorpeyðingargjald skv. áætluðu sorpmagni sem frá starfsstöð fellur:

	kr.
A-flokkur	6.000
B-flokkur	11.000
C-flokkur	23.000
D-flokkur	45.000
E-flokkur	78.000
F-flokkur	110.000
G-flokkur	150.000
H-flokkur	200.000

Þá er heimilt að gera sársamning um eyðingu sorps við fyrirtæki þar sem mikið magn úrgangs fellur til, viðvarandi eða tímabundið.

#### 2. gr.

Gjald sorphirðu og -eyðingar skv. 1. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum.

#### 3. gr.

Að lokinni álagningu gjalda skv. 1. gr. gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við gjaldtöku bæjarstjórnar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrifleg og vel rökstudd og er bæjarstjórn heimilitt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmætis framsettra athugasemda.

#### 4. gr.

Þá er heimilt að gera samninga við önnur sveitarfélög um þjónustu, vegna heimila, lögbyla, stofnana og fyrirtækja vegna sorpförgunar. Í þeim tilvikum skal viðkomandi sveitar-

félag sjá um að allt sorp sem kemur á urðunarsvæði sé vigtað af sorphirðuaðila sem sér um skráningu sorpmagns. Sorpeyðingargjald í þessum tilvikum er 7 kr. á kg og er innheimt mánaðarlega eftir magnskýrslum.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Blönduóssbæjar á grundvelli samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Blönduóssbæ og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og skal þegar öðlast gildi. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá frá janúar 2006 vegna sorphirðu fyrir Blönduóssbæ.

*Bæjarstjórinn á Blönduósi, 15. febrúar 2007.*

**Hulda Ragnheiður Árnadóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 20. mars 2007